



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjarnefnd,
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. júní 2010
EBG/hó

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, með síðari breytingum á 138. lögjafarþingi, þskj. 921 – 532. mál

Tilv. 2010060018

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 8. júní 2010.

Bændasamtök Íslands fagna framlagningu ofangreinds frumvarps enda hafa samtökin í áraraðir beitt sér fyrir því, í samræmi við ályktanir Búnaðarþings, að fá almenna heimild til notkun þjóðfánans við markaðssetningu búvara.

Þó vilja samtökin benda á að þau telja ekki ljóst samkvæmt núgildandi lögum og ofangreindu frumvarpi til breytinga á þeim, hver skuli hafa eftirlit með óleyfilegri notkun þjóðfánans á söluvarning, umbúðir eða í auglýsingu vöru og þjónustu. Bændasamtök Íslands vilja þannig leggja áherslu á mikilvægi þess að nánari ákvæði um skilyrði fyrir notkun þjóðfánans með þessum hætti, verði sett með reglugerð.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson
lögfræðingur